

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. ágúst 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum. (658. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér fækkun ráðuneyta úr tólf í níu.

Viðskiptaráð Íslands fagnar þeirri breytingu sem ofangreint frumvarp felur í sér og þeirri hagræðingu sem fylgir væntanlega í kjölfarið. Ráðið hefur ítrekað, í greinarskrifum, skoðunum og skýrslum sínum, lýst yfir því álitinu að fækka beri ráðuneytum og hefur í raun gengið lengra en ofangreint frumvarp leggur til með tillögum sínum um að fækka ráðuneytum í sjö.¹ Með fækkun ráðuneyta sparast ýmis rekstrarkostnaður og launakostnaður sem vegur þungt í rekstri ríkissjóðs. Ráðið hefur einnig bent á að með fækkun ráðuneyta veitist svigrúm til fækkunar alþingismanna og tilefni til endurskoðunar á rekstri undirstofnana þeirra ráðuneyta sem sameinast. Kostnaður vegna rekstrar og launa lækkar þó ekki nema að sameining og hagræðing sé í raun framkvæmd en ekki aðeins að nafninu til.

Ráðið getur ekki tekið undir þau sjónarmið sem koma fram í greinargerð með frumvarpinu um að færa eigi verkefni aftur til ráðuneyta sem hafa verið færð frá þeim til undirstofnana. Frekar ætti að skoða fækkun stofnana og leggja þannig niður þær stofnanir sem hægt er og færa nauðsynleg verkefni undir aðrar. Stækkun ráðuneyta með tilfærslu verkefna er oftast en ekki á kostnað skilvirkni og kostnaðaraðhalds.

Sömuleiðis verður ekki tekið undir þau sjónarmið sem koma fram í greinargerð að hættur fylgi útvistun verkefna úr ráðuneytum, enda ekki vísað til þess hvers sé hætt með því. Kemur þar fram að útvistun getur verið á kostnað þekkingar og stjórnsýslugetu í ráðuneytum, undirrituð telur að þvert á móti ýti útvistun einstakra verkefna undir sérþekkingu í ráðuneytum. Með útvistun verkefna fylgir fjárhagsleg hagræðing, aukið tekjustreymi út í atvinnulífið ásamt því að með útvistun er hægt að tryggja bestu sérfræðiþekkingu hverju sinni. Einnig verður að geta þess að 2006 gáfu stjórnvöld út [útvistunarstefnu ríkisins](#) þar sem þeim tilmælum var beint til ráðuneyta og ríkisstofnana að þau skoði hagkvæmni og árangur af útvistun verkefna enda hefði sýnt sig að samkeppni og einkarekstur eigi heima á ýmsum sviðum sem áður voru alfarið í höndum hins opinbera.

¹ Viðskiptaráð hefur ítrekað lagt fram tillögur sínar um fækkun ráðuneyta í sjö, núna síðast í skýrslu sinni [Fjármál hins opinbera, aðrar leiðir færar](#) og frétt sem birtist á vef Viðskiptaráðs þann 14. maí síðastliðinn: <http://www.vi.is/um-vi/frettir/nr/1045/>.

Þá tekur ráðið undir að mikilvægt sé að ráðuneyti sem fara með málefni atvinnuvega og að undirstofnanir sem fjalla um þá málaflokka verði ekki aðskilin auk þess sem auðlindarmál eigi saman með umhverfisráðuneytinu. Það er álit ráðsins að stórir málaflokkar á borð við þessa, þar sem ólíkar áherslur geta legið að baki, fái mun markvissari meðferð innan sérstakra ráðuneyta og að hagsmunamatið og umræður tengdar því verði mun gegnsærri með þeim hætti.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllt,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands